



Kópavogi, 20. júní 2023

2306997/205.00 SSF

Efni: Svar bæjarritara við fyrirspurn frá lista- og menningarráði um hlutaverk og vald bæjarráðs og lista- og menningarráðs vegna menningarhúsa.

Bæjarráð.

Samkvæmt 3. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga fer bæjarráð með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins ásamt bæjarstjóra að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur einnig eftirlit með stjórnslu sveitarfélagsins og undirbýr fjárhagsáætlanir fyrir bæjarstjórn. Af þessu leiðir að bæjarráð er ætlað mikilvægt hlutverk varðandi almenna umsýslu og framkvæmd á verkefnum sveitarfélagsins þó auðvitað að því gættu að ákveðið samræmi þarf að vera um verkefni bæjarráðs annars vegar og bæjarstjóra hins vegar. Bæjarráð hefur að meginstefnu til það hlutverk að undirbúa ákvarðanir bæjarstjórnarinnar og hafa eftirlit með því að ákvarðanir sem bæjarstjórn tekur séu framkvæmdar. Bæjarráð hefur því almennt ekki það meginhlutverk að taka ákvarðanir fyrir hönd bæjarstjórnar, fremur ber að líta á bæjarráð sem framkvæmdanefnd fyrir bæjarstjórnina.

Bæjarráð er heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur innan ráðsins eða við bæjarstjóra um ákvörðunina. Verði ágreiningur í bæjarráði fer mál til afgreiðslu bæjarstjórnar. Þá ákveður bæjarráð skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka skv. fjárhagsáætlun, s.s. til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Nefndir og ráð bæjarstjórnar sitja í umboði bæjarstjórnar og á ábyrgð hennar en ekki ábyrgð bæjarráðs. Bæjarráð er hins vegar milliliður milli annarra nefnda/ráða og sveitarstjórnar. Heimilt er að mæla fyrir um það í bæjarmálasamþykkt að ályktanir, tillögur og fundargerðir nefnda/ráða megi leggja fyrir bæjarráð til umfjöllunar áður en þær séu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða endanlegrar afgreiðslu en í Kópavogsbæ kemur þetta fram í erindisbréfum nefnda/ráða.

Lista- og menningarráð.

Í bæjarmálasamþykkt er eingöngu minnst á lista- og menningarráð í ákvæði sem mælir fyrir um skipun ráðsins. Þar kemur fram að það *fari með* menningarmál og jafnframt að ráðið gegni hlutverki stjórnar menningarstofnana bæjarins.

Í erindisbréfi fyrir lista- og menningarráð, sem síðast var breytt á fundi bæjarstjórnar þann 14. september 2021 kemur fram ráðið fari með og sinni stefnumörkun í menningarmálum og sé ráðgefandi til bæjarráðs. Nánar tiltekið er hlutverk ráðsins talið upp í nokkrum tölusettum liðum en þau eru að gera tillögu um menningarstefnu, hafa eftirlit með rekstri málaflokksins, hafa eftirlit með því að samþykktum og stefnu sé framfylgt, hafa eftirlit með framkvæmd starfssamninga Kópavogsbæjar við lykilaðila í menningarlífi bæjarins, efla menningarstarfsemi, veita styrki, velja staðsetningar listaverka og ákveða listaverkakaup auk annarra verkefna sem bæjarráð felur ráðinu.

Þá er sérstaklega tekið fram í erindisbréfinu að ráðið hlutist ekki til um daglegan rekstur og starfsemi menningarstofnana og ráðið hafi ekki boðvald yfir starfsfólki stofnana.



Rekstur stofnananna, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er á ábyrgð forstöðumanna viðkomandi stofnana.

Ráðið kemur ákvörðunum sínum og stefnumótun í framkvæmd með formlegum samþykktum á lögmætum fundum ráðsins og fundargerðir eru lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til kynningar og samþykktar.

Lista- og menningarráð starfar í umboði sveitarstjórnar eins og aðrar fastanefndir. Hafi nefnd ekki verið framselt fullnaðarákvörðunarvald í samræmi við fyrirmæli 42. gr. sveitarstjórnarlaga hefur hún ekki slíkt vald. Afgreiðslur lista- og menningarráðs og ályktanir teljast því tillögur til bæjarstjórnar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laganna og öðlast almennt ekki gildi fyrr en staðfesting bæjarstjórnar hefur farið fram á lögmætum fundi hennar.

Menningarstofnanir sem heyra undir lista- og menningarráð.

Þær stofnanir sem um ræðir, þar sem lista- og menningarráð gegnir hlutverki stjórnar, eru Bókasafn Kópavogs, Héraðsskjalasafn Kópavogs, Tónlistarhús Kópavogs – Salurinn, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn.

Bókasafn Kópavogs er almenningabókasafn skv. bókasafnalögum nr. 150/2012, sbr. 2. mgr. 7. gr. laganna. Sem slíkt skal því kjörin stjórn af sveitarstjórn hlutaðeigandi sveitarfélags skv. 8. gr. laganna en heimilt er að fela fastanefnd að fara með málefni almenningabókasafns skv. ákvæðinu líkt og gert hefur verið í bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar. Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laganna skal stjórn gæta þess að unnið sé í samræmi við lög og reglugerðir og eftir faglegum viðmiðunum á sviði bókasafna- og upplýsingamála. Í skýringum sem fylgdu ákvæðinu kemur fram að það sé undirstrikað að ábyrgð stjórnar eigi að vera að fagleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi í starfi bókasafna og þess gætt að unnið sé eftir lögum og reglugerðum. Stjórnin skuli vera málsvari safnsins í samræmi við almennt hlutverk stjórna stofnana sem reknar séu í þágu almenninga.

Héraðsskjalasafn Kópavogs er opinbert skjalasafn skv. lögum nr. 77/2014. Sem slíkt er það sjálfstætt opinber skjalasafn sem lýtur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands en rekstur þess er á ábyrgð sveitarfélagsins. Lögin mæla ekki fyrir um sérstaka stjórn héraðsskjalasafna en skv. samþykkt um Héraðsskjalasafn Kópavogs lýtur safnið yfirstjórn bæjarstjórnar Kópavogs en lista- og menningarráð fer með stjórn þess. Um hlutverk ráðsins fari samkvæmt bæjarmálasamþykkt og erindisbréfi en í samþykkt er ekkert frekar um hlutverk eða verkefni ráðsins sem stjórn yfir safninu.

Tónlistarhús Kópavogs – Salurinn er stofnun á vegum sveitarfélagsins sem kom að byggingu fasteignarinnar sem hýsir Salinn og Tónlistarskóla Kópavogs. Meðeigandi Kópavogsbæjar í stofnuninni er því Tónlistarskóli Kópavogs ses. (áður Tónlistarfélag Kópavogs) og er það eingöngu tengt eignarhaldi á fasteigninni þó svo að kennitala stofnunarinnar sé notuð um rekstur Salarins. Í stofnsamningi um stofnunina Tónlistarhús Kópavogs – Salurinn er mælt fyrir um það sem virðist úrelt fyrirkomulag á skipun stjórnar en störf stjórnar eru sögð vera að ráða forstöðumann, ákveða starfskjör og hafa eftirlit með störfum forstöðumanns. Einnig að hafa eftirlit með rekstri stofnunarinnar, sjá um að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi og annast eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna. Þá sé það hlutverk stjórnar að koma fram fyrir hönd stofnunarinnar fyrir dómstólum og stjórnvöldum, ákveða hver eða hverjir skuldbinda félagið og ráða fram úr öðrum málum sem stjórn telur nauðsyn á hverju sinni.

Náttúrufræðistofa Kópavogs starfar skv. 3. gr. stofnskrár frá 2011 í samræmi við safnalög nr. 141/2011. Samkvæmt 6. gr. laganna fer ráðherra með yfirstjórn skipulags safnastarfs og skipar ráðherra safnaráð til ráðgjafar. Safnaráð veitir söfnum sem vilja falla undir ákvæði laganna, viðurkenningu skv. skilyrðum í 10. gr. laganna. Eitt skilyrðið er að safn sé í eigu lögaðila sem tryggi safninu fjárhagsgrundvöll fyrir eðlilega starfsemi og skipi því stjórn. Í stofnskrá kemur fram að stjórn Náttúrufræðistofu Kópavogs sé skipuð í samræmi við



bæjarmálasamþykkt og um hlutverk stjórnar fari samkvæmt bæjarmálasamþykkt, erindisbréfi og viðeigandi reglum.

Listasafn Kópavogs – Gerðarsafn starfar skv. 3. gr. stofnskrár í samræmi við safnalög nr. 141/2011 og gilda því sömu lagaákvæði um það og Náttúrufræðistofu Kópavogs og ákvæði samþykkt um stjórn safnsins eru eins.

Samantekt.

Ekki er fullt samræmi og þörf er á uppfærslu bæjarmálasamþykktar, erindisbréfa og raunverulegs hlutverks nefnda og ráða í Kópavogsbæ og er sú vinna hafin með vinnu starfshóps um endurskoðun á bæjarmálasamþykkt.

Staða lista- og menningarráðs gagnvart menningarstofnunum er ótengd rekstrarmálum nema sem lýtur að því eftirliti með að unnið sé eftir lögum og reglugerðum sem gilda um söfn og bókasöfn. Ábyrgð ráðsins er fyrst og fremst að fagleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi í starfi stofnananna en fjárhagur, rekstur og starfsmannamál er á ábyrgð forstöðumanna gagnvart bæjarstjóra og bæjarráði. Ákvörðunarvald lista- og menningarráðs er skv. erindisbréfi einskorðað við að veita styrki úr lista- og menningarsjóði, velja bæjarlistamann og heiðurslistamann Kópavogs og þá hefur ráðið ákvörðunarvald um kaup á listaverkum í samræmi við fjárheimildir. Önnur hlutverk lúta að eftirliti og tillögum fyrir bæjarráð.

Virðingarfyllst,

[Sign]

Pálmi Þór Mátsson

bæjarritari